# Samtök

## um söguferðaþjónustu

# Ársreikningur 2012

Samtök um söguferðaþjónustu
660606-2460
Erluhrauni 4
220 Hafnarfirði

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar ........................................ 2

Áritun höfundar ...................................................... 3

Rekstrarreikningur .................................................. 4

Efnahagsreikningur ............................................. 5

Yfirlit um sjóðstreymi ......................................... 7

Skýringar ................................................................ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar

Samtök um söguferðaþjónustu eru samtök félaga, stofnana, opinberra aðila og fyrirtækja, sem koma að söguferðaþjónustu á Íslandi og er markmið þeirra að efla slíka ferðaþjónustu og að vera samráðsvettvangur þeirra sem starfa í henni samkvæmt 2. grein laga samtakanna.

Starfsemi samtakanna gekk eftir áætlun árið 2012. Prenta þurfti aukaupplag af bæklingum fyrir ferðamenn sem voru hannaðir upp á nýtt og prentaðir 2011 á fjórum tungumálum (ísl/ens/nor/þýs). Þeim var sem áður dreift skipulega vítt og breitt um landið yfir allt árið og á ferðasýningum erlendis og hérlendis. Leiknar útvarpsauglýsingar hljómuðu á útvarpsstöðvum yfir sumarið til að lokka ferðamenn í sögulegar heimsóknir. Þá var heimasíðu samtakanna viðhaldið, www.soguslodir.is og unnið að því að auka upplýsingar inni á henni. Samtökin stóðu fyrir árlegu málþingi í Þjóðmenningarhúsinu 4. maí undir heitinu Söguslóðir um leið og þau héldu aðalfund sinn. Þátttaka var með ágætum og aðalfyrirlesarinn kom að þessu sinni frá Írlandi.

Samtökin hafa unnið áfram í sínu innra starfi. Í því sambandi skal helst nefna að í september fór stór hópur fólks frá aðilum að samtökunum í vikulanga lærdómsferð til Svíþjóðar með styrk frá Leonardo-mannaskiptaáætluninni.

Samstarfssamningur var endurnýjaður við iðnaðarráðuneytið 30. janúar 2012 um áframhaldandi þróun ferðaþjónustu undir merkinu Söguslóðir Íslands. Í honum er kveðið á um árlegt 3 mkr. framlag frá ríki næstu tvö árin gegn jafnhárri upphæð frá aðilum að samtökunum í formi félagsgjalda og framlaga til kynningarefnis. Einnig að samtökin hafi áfram aðgang að 25% hlutastarfsmann hjá Ferðamálastofu. Ýmsum verkefnum var komið áleiðis gegnum þann samning og á grundvelli hans náðist einnig samstarf við Íslandsstofu um að gefa út kynningarefni sem vekti sérstaklega athygli á sögu og menningararfi Íslendinga.

Samtökin voru áfram þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um víkingaslóðir og árið 2012 var send inn að í þriðja sinn til menningaráætlunar ESB umsókn um stórt Evrópuverkefni með Norðmönnum, Svíum, Hjaltlendingum og fleirum.

Enginn starfsmaður starfaði hjá samtökunum á árinu en Pétur Jónsson vann að ákveðnum verkefnum í verktöku sem lutu að kynningarefni og heimasíðu auk þess sem Sigrún Hlín hjá Ferðamálastofu sinnti verkefnum skv. samningi við ráðuneytið. Önnur störf voru fyrst og fremst unnin í sjálfboðavinnu og aðkeyptri verktöku.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna um 1,2 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam 2,6 millj. kr.

Stjórn samtakanna er kosin á lögmætum aðalfundi samtakanna sbr. 7 grein laga Samtaka um söguferðaþjónustu.

Stjórn Samtaka um söguferðaþjónustu staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík ..................... 2013

Í stjórn:

# Áritun höfundar

Til stjórnar og aðila að Samtökum um söguferðaþjónustu

Við höfum samið ársreikning Samtaka um söguferðaþjónustu fyrir árið 2012 en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4 auk sundurliðana.

Ársreikningurinn er unninn í umboði stjórnar samtakanna, sem ber ábyrgð á efni hans. Hann er byggður á bókhaldi og gögnum samtakanna ásamt öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga. Höfum við sannreynt stöðu á bankareikningum, kannað réttmæti viðskiptakrafna og skulda og unnið framsetningu ársreikningsins í heild.

Við höfum leitast við að haga framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Egilsstöðum 18.apríl 2013

***SKRA - Skrifstofuþjónusta Austurlands***

______________________________
Sigurjón Bjarnason

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Samtaka um söguferðaþjónustu, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2012. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík ............................ 2013

______________________________

______________________________

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Framlag ríkissjóðs.......................................................... | | 3.000.000 | 3.700.000 | 2.000.000 |
| Leonardo v. fræðsluferða............................................... | | 2.540.560 | | |
| Framlög félaga vegna kynningar.................................... | | 3.100.000 | 3.100.000 | 3.050.000 |
| Árgjöld........................................................................... | | 696.000 | 625.000 | 600.000 |
| Auglýsingastyrkir........................................................... | | 0 | 160.000 | 250.000 |
| Aðrar tekjur.................................................................... | | 639.000 | 697.380 | 220.970 |
| | | 9.975.560 | 8.282.380 | 6.120.970 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Kynningarmál ................................................................ | | 3.357.105 | 5.776.305 | 4.129.020 |
| Leonardo fræðsluferð .................................................... | | 2.817.647 | 0 | 0 |
| Heimasíða ..................................................................... | | 493.269 | 743.625 | 457.634 |
| Ferðakaupstefnur .......................................................... | | 640.586 | 55.000 | 292.542 |
| Söguslóðir, málþing ...................................................... | | 446.117 | 410.994 | 101.700 |
| Annar rekstrarkostnaður ................................................ | | 1.019.528 | 2.677.543 | 776.217 |
| | | 8.774.252 | 9.663.467 | 5.757.113 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði: ......................... | | 1.201.308 | ( 1.381.087 ) | 363.857 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | |
| Vaxtatekjur .................................................................... | | 18.169 | 20.753 | 2.706 |
| Gengismunur inneigna................................................... | | 44.427 | ( 170 ) | ( 186.350 ) |
| Vaxtagjöld...................................................................... | | ( 25.653 ) | ( 26.708 ) | ( 45.229 ) |
| | | 36.943 | ( 6.125 ) | ( 228.873 ) |
| **Hagnaður (tap) ársins ........................................** | 4 | 1.238.251 | ( 1.387.212 ) | 134.984 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur................................................................................ | 2 | 1.392.800 | 817.800 |
| Handbært fé ........................................................................................ | 3 | 1.507.689 | 781.997 |
| Veltufjármunir | | 2.900.489 | 1.599.797 |
| **Eignir samtals** | | 2.900.489 | 1.599.797 |

# 31. desember 2012

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé ........................................................................... | | 2.608.542 | 1.370.291 |
| Eigið fé samtals | 4 | 2.608.542 | 1.370.291 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir................................................................................. | | 291.947 | 229.506 |
| | | 291.947 | 229.506 |
| Skuldir samtals | | 291.947 | 229.506 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.900.489 | 1.599.797 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi .................................... | 4 | 1.238.251 | ( 1.387.212 ) |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 1.238.251 | ( 1.387.212 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun ( lækkun)................................................ | | ( 575.000 ) | 1.168.750 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) ............................................... | | 62.441 | ( 159.921 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 512.559 ) | 1.008.829 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 725.692 | ( 378.383 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé.......................................** | | 725.692 | ( 378.383 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun .....................................................** | | 781.997 | 1.160.380 |
| **Handbært fé í árslok ...........................................................** | 3 | 1.507.689 | 781.997 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Beitt var kostnaðarverðsaðferð við gerð ársreikningsins.

### *Viðskiptakröfur*

2. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærsla er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

### *Handbært fé*

3. Bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis

## Eigið fé

| 4. Yfirlit um eiginfjárreikning: | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2012 | 1.370.291 | 1.370.291 |
| Hagnaður ársins | 1.238.251 | 1.238.251 |
| Eigið fé 31.12.2012 | 2.608.542 | 2.608.542 |

## Sundurliðanir

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Árgjöld:** | | | |
| Árgjöld félaga, fyrirtækja og stofnana, full aðild | 576.000 | 560.000 | 550.000 |
| Árgjöld einstaklinga, aukaaðild | 120.000 | 65.000 | 50.000 |
| | 696.000 | 625.000 | 600.000 |
| **Aðrar tekjur:** | | | |
| Ráðstefnu- og fundagjöld | 49.000 | 232.380 | 129.000 |
| Sala á fánum SSF | 0 | 0 | 40.000 |
| Hlutdeild félaga í útvarpsauglýsingum | 365.000 | 465.000 | 775.000 |
| Aðrar tekjur | 225.000 | 0 | 0 |
| Styrkur NATA vegna Vest-norræns samstarfs | 0 | 0 | (723.030) |
| | 639.000 | 697.380 | 220.970 |

## Sundurliðanir, frh.:

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Kynningarmál:** | | | |
| Hönnun, umbrot og umsjón | 934.933 | 2.133.167 | 483.198 |
| Prentun kynningarefnis | 574.706 | 1.504.749 | 1.045.669 |
| Birting auglýsinga | 1.200.265 | 1.499.177 | 2.036.702 |
| Dreifingarkostnaður | 520.561 | 610.602 | 473.735 |
| Textavinna og þýðingar | 126.640 | 27.610 | 4.125 |
| Prentun fána | 0 | 0 | 85.591 |
| | 3.357.105 | 5.775.305 | 4.129.020 |

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Leonardo fræðsluferð:** | | | |
| Framlag v. umsýslu | 300.000 | 0 | 0 |
| Framlag v. ferðakostnaðar | 155.500 | 0 | 0 |
| Ferðakostnaður | 917.374 | 0 | 0 |
| Gisti- og fæðiskostnaður | 1.400.318 | 0 | 0 |
| Aðgangseyrir og fl. | 44.455 | 0 | 0 |
| | 2.817.647 | 0 | 0 |

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Heimasíða, www.soguslodir.is** | | | |
| Umsjón | 411.025 | 657.959 | 413.950 |
| Hýsing, lén | 82.244 | 85.666 | 43.684 |
| | 493.269 | 743.625 | 457.634 |

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | | | |
| Umsjón með verkefnum | 439.250 | 885.500 | 363.750 |
| Erlend samstarf, ferðakostnaður og árgjöld | 312.688 | 414.284 | 248.143 |
| Bókhald og reikningsskil | 162.580 | 342.849 | 164.747 |
| Fundir og námskeið | 0 | 648.920 | 76.920 |
| Þjónustugjöld | 65.260 | 37.240 | 15.031 |
| Niðurfelld skuld Eddu á Grænlandi v. erlends samstarfs | 0 | 0 | (413.699) |
| Burðargjöld | 0 | 0 | 4.875 |
| Pappír, prentun og ritföng | 0 | 0 | 0 |
| Afskrifaðar kröfur | 10.000 | 621.000 | 0 |
| Hækkun /lækkun) niðurfærslu viðskiptakrafna | 29.750 | (272.250) | 316.450 |
| | 1.019.528 | 2.677.543 | 776.217 |